



## A 1728/kultur

Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um:  
**þingmannatillögu um alþjóðlegan stafrænan gagnabanka á Svalbarða**

**Tillaga**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð haldi ekki áfram meðferð þingmannatillögu um *stafrænan gagnabanka á Svalbarða* (A 1728/kultur).

**Bakgrunnur**

Þekkingar- og menningarnefndin fjallaði um þingmannatillögu um *alþjóðlegan stafrænan gagnabanka á Svalbarða* á fundum sínum í september 2017 og apríl 2018. Flokkahópur jafnaðarmanna hefur lagt til að

Norðurlandaráð beindi þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún styðji Arctic World Archives verkefnið með þekkingu og fjárhagslegum stuðningi til þess að byggja trausta, varanlega og traustvekjandi innviði og þrói verkefnið í alþjóðlegan gagnabanka að sömu fyrirmynd og alþjóðlegi fræbankinn á Svalbarða.*

Þingmannatillagan var til umsagnar hjá hagvaxtar- og þróunarnefndinni og afgreiddi hún málið á janúarfundi sínum 2018. Á fundi hennar kom eftirfarandi fram:

Stafrænt heimsskjalasafn verður að þykja gæta pólitísku hlutleysis eigi það að njóta trausts alþjóðlega. Það getur ekki verið háð einu einkareknu fyrirtæki. Þá verður að gera kröfur til efnislegs umhverfis, öryggis og sjálfbærni umhverfisins. Fjármögnunin verður að vera eins og fjármögnun fræhvefingarinnar. Filman með gögnunum er nú varðveitt í ísköldum og rökum geymi án þess að gerðar séu öryggiskröfur. Þetta verður að leysa á ábyrgan hátt. Spurning er hvort geymslan geti öðlast stöðu stafræns skjalasafns heimsins og jafnframt verið rekið af einkafyrirtæki reknu í hagnaðarskyni. Þörf er á ströngum reglum um hvernig staðið skuli að rekstri umræddrar starfsemi.



### Álit nefndarinnar

Þekkingar- og menningarnefndin taldi að álitaeftni væru um fjármögnun, öryggi og eignarhald. Nefndin ákvað að beina skriflegri fyrirspurn til norrænu ríkisstjórnanna til að fá því svarað hvort þær teldu þörf á heimsskjalasafni og hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla til þess að þær tækju þátt í að fjármagna slíkt safn. Þá var beðið um að ríkisstjórnirnar svörðu með hliðsjón af afstöðu þeirra til öryggis og eignarhalds. Nefndin styðst við svörin þegar hún ákveður hvort hún leggi fram nýja tillögu um heimsskjalasafnið.

Nefndin ákvað að halda ekki áfram meðferð þingmannatillögu um *stafrænan gagnabanka á Svalbarða* (A 1728).

Höga Kusten, Svíþjóð þann 26. júní 2018

*Annette Lind (S)*

*Eva Sonidsson (S)*

*Johan Andersson (S)*

*Johanna Karimäki (gröna)*

*Jorodd Asphjell (A)*

*Liv Kari Eskeland (H)*

*Magni Arge (T)*

*Marianne Haukland (H)*

*Roland Utbult (KD)*

*Þorsteinn Sæmundsson (Frfl)*

*Tony Wikström (ÅSD)*